

stefnanda og virðist hann byggja mótmælin á því, að hann hafi 28. f. m. eða á 2. degi eftir gjalddaga vixils þess, er átti að greiðast 25. þess mánaðar verið staddur á vistarstað vixilsins í þeim tilgangi að greiða hann, en vixillinn hafi þá ekki verið þar til staðar.

Við þessa greiðslutilraun stefnds er það að athuga, að ekki er upplýst þrátt fyrir hana, að umræddur vixill hafi ekki verið á vistarstaðnum á gjalddaga. Og þar sem við þetta bætist, að stefndur hefir ekki haldið því fram, að hann hafi boðið fram greiðslu á allri hinni viðurkenndu upphæð áður en mál þetta var höfðað, þykir stefndur verða að greiða stefnanda málskostnað og ákveðst hann 70 kr.

Föstudaginn 17. júní 1932.

Nr. 126/1931. **Ingólfur G. S. Esphólin**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurbjarna Tómassyni (Enginn).

Vixilmál.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 7. nóv 1931: Stefndur, Ingólfur Esphólin, greiði stefnanda, Sigurbjarna Tómassyni, kr. 202,70 með 6% ársvöxtum frá 10. okt 1931, til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 40,00 í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 3. dez. f. á., en stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess að gestaréttardóm-

inum verði breytt þannig, að hann aðeins verði dæmdur til að greiða höfuðstól vixils þess, sem málið er risið út af, en án vaxta, þóknunar og málskostnaðar í héraði. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar í hæstarétti eftir mati réttarins.

Eins og segir í gestaréttardóminum hefir áfrýjandi viðurkennt, að hann hafi eigi boðið fram greiðslu á umræddum víxli á réttum gjalddaga hans 10. okt. f. á., og þar sem hann samkvæmt 31. gr. víxillaganna átti eigi rétt á frestdögum verður greiðslutilboð hans á greiðslustaðnum á 1. virkum degi eptir gjalddaga eigi talið fullnægjandi, enda eigi upplýst, að stefnda hafi orðið það kunnugt fyrir en eftir að málið var þingfest. Stefnda var því rétt að hefja málssókn til innheimtu vixilsins þegar á 1. virkum degi eftir gjalddaga svo sem hann og gerði.

Hinsvegar verður það eigi séð af skjölum málsins, að víxillinn hafi verið sýndur til greiðslu fyrir en í gestaréttarhaldinu 14. okt. f. á., og þar sem áfrýjandi þá bauð fram greiðslu á víxilupphæðinni, er stefndi hafnaði, þótt honum samkv. 37. gr. víxillaganna væri skylt að taka við henni, þá verður að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknun af vaxtakröfu stefnda og fella niður vaxtaákvæði gestaréttardómsins.

Sömuleiðis má fallast á það hjá áfrýjanda, að stefndi átti ekki rétt á að fá $\frac{1}{3}\%$ þóknun af víxilupphæðinni sbr. 36. gr. víxillaganna og ber því einnig að breyta dómi gestaréttarins að þessu leyti.

En þar sem hinsvegar áfrýjandi í gestaréttarhaldinu 14. okt. f. á. aðeins bauð fram greiðslu á víxilupphæðinni, en neitaði að greiða áfallinn lög-mætan málskostnað, verður krafa hans um nið-

urfelling málskostnaðarákvæðis gestaréttardómsins eigi tekin til greina og verður því, að staðfesta það.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ingólfur G. S. Esphólin, greiði stefnda, Sigurbjarna Tómassyni, kr. 202,70, og 40 kr. í málskostnað í héraði.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 12. f. m., af Sigurbjarna Tómassyni, hér í bæ, gegn Ingólfi Esphólin, Tryggvagötu 43 hér í bænum, til greiðslu vixils, að upphæð kr. 202,70, útgefins 11. júlí s. l., af stefnanda, og samþykkt af stefndum til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, hér í bæ, 10. f. m.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér upphæð vixilsins kr. 202,70 með 6% frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt málskostnaðar- og vaxtakröfu stefnanda og krafizt sýknu af þeim, en hinsvegar boðizt til að greiða vixillinn kostnaðarlaust. Þá hefir stefndur og krafizt fulls málskostnaðar hjá stefnanda, svo og þess, að hann verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu. Framangreind mótmæli byggir stefndur á því, að hann hafi á 2. og 3. virkum degi eftir gjalddaga umrædds vixils eða mánudaginn 12. þ. m. og þriðjudaginn 13. s. m. (vixillinn féll laugardaginn 16. f. m.) komið á vistarstað vixilsins í Útvegsbankanum og boðið fram borgun á honum, en vixillinn hafi hvorugan þennan dag verið til staðar í bankanum, og hafi hann því lagt sem svaraði vixilupphæðinni

inn í hlaupareikning sinn í bankanum með fyrirmælum um, að upphæð þessi skyldi ganga til greiðslu á þessum ákveðna víxli, yrði honum framvísað. Hefir stefndur þessu til sönnunar lagt fram vottorð tveggja starfsmanna nefnds banka og liggja engin andmæli fyrir gegn vottorði þessu sem óstaðfestu. Telur stefndur, að þar sem víxillinn hafi verið vistaður í Útvegsbankanum, hafi hann haft fulla ástæðu til þess að ganga út frá því, að bankinn hefði víxillinn til innheimtu, en það sé föst venja bankanna að menn geti á þriðja virkum degi frá gjalddaga greitt víxla, sem bankarnir eigi eða hafi til innheimtu án nokkurs aukakostnaðar. Nú hafði hann eins og að framan greinir boðið fram fulla greiðslu á víxlinum á greiðslustað hans þegar á öðrum degi og sé því málssókn þessi gegn sér algerlega ástæðulaus og óréttmæt.

Stefnandi hefir mótmælt framangreindum varnarástæðum stefnda og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Það verður að fallast á það hjá stefnanda, að enda þótt víxillinn sé vistaður í banka geti víxilskuldari ekki gengið út frá því sem gefnu, að víxillinn verði fenginn viðkomandi banka til innheimtu. Þá verður heldur ekki litið svo á, eins og stefndur heldur fram, að víxilskuldari eigi heimtingu á frestdögum, sbr. 31. gr. víxillaganna, enda þótt það sé venja bankanna hér að afsegja ekki víxla sína fyrir en á öðrum og 3. virkum degi eftir gjalddaga, heldur getur víxileigandi að sjálfsgöðu innheimt víxil sinn með hverju löglegu móti, þegar víxillinn er í gjalddaga fallinn. Nú er það in confesso, að stefndur bauð ekki fram borgun á umræddum víxli á gjalddaga. Var því stefnanda rétt að hefja þegar málssókn út af honum, og var stefnan í málinu birt stefndum á 1. virkum degi eftir gjalddaga. Stefndur bauð þó ekki stefnanda greiðslu enda þótt honum við stefnubirtinguna hlyti að vera ljóst, hvar víxillinn var niðurkominn, heldur lagði hann daginn eptir, sem svaraði víxilupphæðinni inn í Útvegsbankann, eins og áður er dregið á, án þess að tilkynna stefnanda nokkuð um þetta og ekki sést, að honum hafi orðið greiðslutilraunir stefnda kunnar fyrir en eftir að búið var að þingfesta málið. Þykja því mótmæli stefnds gegn málskostnaðar- og vaxtakröfu stefnanda ekki hafa við rök að styðjast og verða ekki tekin til greina, en eftir öllum málavöxt-

um þá þykir málskostnaðurinn í máli þessu nægilega ákveðinn 40 krónur. Engin ástæða er til þess að taka til greina kröfu stefnds á hendur stefnanda um sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Föstudaginn 17. júní 1932.

Nr. 22/1932. H/f Hamar (Lárus Jóhannesson)

gegn

Helgu Gestsdóttur

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Upphæð skuldabréfs talin gjaldkræf sökum dráttar með greiðslu afborgunar.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 9. jan. 1932: Stefndur, h/f. Hamar, greiði stefnanda, Helgu Gestsdóttur, kr. 2600,00 með 5% ársvöxtum frá 19. okt. 1931 til greiðsludags og kr. 231,00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför lögmanns.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða gestaréttardómi og fallast má á að öllu leyti, ber að staðfesta dóminn.

Áfrýjanda, h/f. Hamar, ber að greiða stefndu, Helgu Gestsdóttur, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi, h/f. Hamar, greiði stefndu, Helgu Gestsdóttur, 150 kr. í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
